

## Vísuþotnar sem voru á meðal þeirra bestu á yngsta stigi

Hund og kött ég sá í sveit,  
svín og kýr og hesta.

**Svo sá ég líka gamla geit,  
en kindin var sú besta.**

Sunneva Sigurðardóttir, 4. bekk Smáraskóla.

Heim ég fer með léttu lund,  
leik mér eftir skóla.

**Mamma þarf að fara á fund,  
á meðan fer ég að róla.**

Sunna Sigurðardóttir, 4. bekk Smáraskóla.

Heim ég fer með léttu lund,  
leik mér eftir skóla.

**Nenni ekki að fara í sund,  
hjóla heim til hans Óla.**

Erling Þór Ingvarsson, 4. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar.

Heim ég fer með léttu lund,  
leik mér eftir skóla.

**Fer svo beint á strákafund  
síðan út að hjóla.**

Sverrir Freyr Lúðvíksson, 4. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar.

Heim ég fer með léttu lund,  
leik mér eftir skóla.

**Fer svo eftir smá í sund  
en fyrst ég ætla að hjóla.**

Mundína Ósk Þorgeirsdóttir, 4. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar.

Hund og kött ég sá í sveit,  
svín og kýr og hesta.  
**Ég er orðin gömul geit,  
og þarf nú öllu að fresta.**

Þorbjörg Rún Emilsdóttir, 4. bekk Snælandsskóla.

Heim ég fer með léttu lund,  
leik mér eftir skóla.  
**Ég þarf ekki að fara á fund,  
ætla bara að róla.**

Kristín Birna, 4. bekk Snælandsskóla.

Heim ég fer með léttu lund,  
leik mér eftir skóla.  
**Síðan ætla ég í sund  
og fara að máta kjóla.**

Bergdís Sigurjónsdóttir, 4. bekk Snælandsskóla.

Heim ég fer með léttu lund,  
leik mér eftir skóla.  
**Hvíli mig í litla stund  
og finn svo vin minn Óla.**

Dís, 4. bekk Snælandsskóla.

Hund og kött ég sá í sveit,  
svín og kýr og hesta.  
**Lítinn hana og skrýtna geit,  
sveitin er sú besta.**

Kári Steinn, 4. bekk Snælandsskóla.

Hund og kött ég sá í sveit,  
svín og kýr og hesta.

**Hænur gala eins og geit,  
en það er ekki það versta.**

Kristín Edda, 4. bekk Snælandsskóla.

Heim ég fer með léttu lund,  
leik mér eftir skóla.

**Held ég skelli mér í sund,  
þangað mun í hjóla.**

Ólafur Jóhann Sigurðsson, 4. bekk Snælandsskóla.

Heim ég fer með léttu lund,  
leik mér eftir skóla.

**Kisa mín er stór og feit  
og er yndi allra besta.**

Maryam, 4. bekk Snælandsskóla.

Hund og kött ég sá í sveit,  
svín og kýr og hesta.

**Ég sá líka stóra geit  
með pabba mínum besta.**

Ásbjörn Þór Albertsson, 3. bekk Norðlingaskóla.

Hund og kött ég sá í sveit,  
svín og kýr og hesta.

**Bróðir minn á litla geit,  
sem hræðist alla presta.**

Soffía Margrét Guðmundsdóttir, 3. bekk Norðlingaskóla.

Heim ég fer með léttu lund,  
leik mér eftir skóla.

**Þreyttur eftir skólasund  
gaman er að hjóla.**

Villi Bjarni, 4. bekk Norðlingaskóla.

Heim ég fer með léttu lund,  
leik mér eftir skóla.

**Slaka á við lestrarstund,  
hugur reikar til jóla.**

Guðmundur Þór Ólafsson, 4. bekk Norðlingaskóla.

Heim ég fer með léttu lund,  
leik mér eftir skóla.

**Leik mér með minn sæta hund,  
nýt þess að bíða til jóla.**

Ástráður, 4. bekk Melaskóla.

Heim ég fer með léttu lund,  
leik mér eftir skóla.

**Ég á sætan, smáan hund  
sem ég skírði Óla.**

Marta Dögg, 4. bekk Melaskóla.

Hund og kött ég sá í sveit,  
svín og kýr og hesta.

**Einnig sá ég smáa geit  
skoppa á milli gesta.**

Marta Dögg, 4. bekk Melaskóla.

Heim ég fer með léttu lund,  
leik mér eftir skóla.

**Sá ég mann með skríttinn hund  
svo fer ég út að hjóla.**

Katla, 4. bekk Melaskóla.

Hund og kött ég sá í sveit,  
svín og kýr og hesta.

**Átta lömb og eina geit,  
fermingarathöfn og presta.**

Frank Kristinsson, 4. bekk Melaskóla.

Hund og kött ég sá í sveit,  
svín og kýr og hesta.

**Þar var lítil geit á beit,  
það var það allra besta.**

Baldur Þórarinsson, 4. bekk Melaskóla.

Heim ég fer með léttu lund,  
leik mér eftir skóla.

**Eftir mat ég skottast í sund,  
skemmtilegt er þar að dóla.**

Eldey Lilja Tómasdóttir, 4. bekk Melaskóla.

Hund og kött ég sá í sveit,  
svín og kýr og hesta.

**Heimalningurinn skeit og skeit,  
og líka á skóna flesta.**

Eldey Lilja Tómasdóttir, 4. bekk Melaskóla